

Ár 2010, fimmtudaginn 20. maí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Herdís Þórðardóttir. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands frá 6. maí 2010.
Í bréfinu er tikynnt að þetta árið verður ekki óskað eftir umsóknum í styrktarsjóð EBÍ heldur mun stjórnin verja úthlutunarfé hans til sérstakrar brýnna verkefna í sveitarfélögum. Verður þá sérstaklega horft til þeirra hamfara sem orðið hafa í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli.
Lagt fram til kynningar.

1.2. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá 7. maí 2010.
Í bréfinu er óskað eftir styrk til útgáfu bókar um 100 örnefni um allt land.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.3. Landskerfi bókasafna frá 10. maí 2010
Með bréfinu er boðað til aðalfundar Landskerfis bókasafna miðvikudaginn 26. maí nk.

Bæjarráð samþykkir að Hlíf Arndal verði fulltrúi bæjarfélagsins á fundinum.

1.4. Sveitarfélaginu Árborg frá 6. maí 2010
Í bréfinu kemur fram að Árborg hefur samþykkt að veita lögblindum undanþágu frá greiðslu fargjalda í Strætó.

Bæjarráð samþykkir einnig að lögblindir fái ókeypis í Strætó.

1.5. Sigurði Bjarna Jónssyni frá 18. maí 2010
Í bréfinu er leitað svara við spurningum er varða ráðningar við Grunnskólann í Hveragerði.

Bæjarráð vill koma á framfæri að á fundi fræðslunefndar þann 26. apríl s.l. var fjallað um ráðningarmál eins og kemur fram í skýrslu skólastjóra í fundargerð fundarins. Á þessum sama fundi voru lagðar fram skriflegar upplýsingar um einstaka kennararáðningar. Bæjarráð felur skólastjóra grunnskólans að svara bréfi Sigurðar með ítarlegri hætti en þegar hefur verið gert.

- 1.6. Orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu frá 6. maí 2010
Í bréfinu er gerð grein fyrir starfi orlofsnefndar árið 2009 og jafnframt sendur reikningur fyrir starfinu árið 2010.

Bæjarráð lýsir furðu sinni á því að boðuð lagabreyting þar sem orlofsgreiðslur þessar eru lagðar af skuli ekki hafa náð fram að ganga. Samkvæmt upplýsingum frá lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga er þingmannafrumvarp um málið komið á dagskrá Alþingis en það hefur ekki enn hlotið samþykki. Fá sveitarfélög ef nokkur gerðu ráð fyrir greiðslum vegna orlofs húsmæðra árið 2010 og Hveragerðisbær er þar á meðal. Greinilegt er að greiða verður reikning vegna ársins. Fjármögnun er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

- 1.7. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 14. maí 2010
Í bréfinu er fjallað um drög að yfirlýsingu sem stjórn SASS hefur samþykkt vegna samkomulags um myndun þjónustusvæðis vegna yfirfærslu málefna fatlaðra.

Bæjarráð samþykkir yfirlýsinguna fyrir sitt leyti og felur bæjarstjóra að undirrita hana.

2. Fjárhagsleg verkefni:

- 2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna skönnunar ljósmynda frá 18. maí 2010.
Í minnisblaðinu er fjallað um skönnun ljósmynda frá Hveragerði sem Héraðsskjalasafn Árnessýslu hefur hug á að standa að.

Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið með 50 þúsund krónum enda geti Hveragerðisbær í framtíðinni nýtt þessar myndir á heimasíðu bæjarins eða við annað kynningarstarf.

3. Verkfundagerðir:

- 3.1. Sundlaugin í Laugaskarði- viðgerð og málun á laugarkeri frá 11. maí og 17. maí 2010.
Bæjarráð samþykkir fundargerðirnar.
- 3.2. Gatnagerð Hveragerði 2009 frá 26. apríl og 10. maí 2010
Bæjarráð samþykkir fundargerðirnar.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. Skólaráð Grunnskólans í Hveragerði frá 6. maí 2010.
4.2. Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 14 maí 2010
4.3. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands frá 5. maí 2010
4.4. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 12. maí 2010.
4.5. Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands frá 12. maí 2010.
4.6. Héraðsnefnd Árnesinga frá 8. - 9. apríl 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:20

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)